

# Eftirlit, starfshættir og umhverfismarkmið

## 4.1 Fulltrúi rekstraraðila

Eiríkur Steingrímsson, sími 820 3607

## 4.2 Áhættumat og viðbragðsáætlun

Einu óhöppin sem geta haft áhrif á umhverfið er ef dýr sleppa úr búrum sínum, komast út úr dýraaðstöðunni, komast út úr byggingunni og ná að fjölga sér þar með náttúrulegum stofnum. Þótt allt ofangreint verði að teljast ólíklegir atburðir og ólíklegt verði að teljast að erfðabreytingarnar lifi af nokkrar kynslóðir æxlana í umhverfinu, er mikilvægt að skoða hvernig þetta geti hugsanlega gerst og grípa þá til aðgerða þegar við á.

Dýr geta sloppið úr búrum sínum þegar skipt er á þeim en það er gert vikulega. Þá eru lokin tekin af búrunum og dýrin flutt yfir í hrein búr og þeim gefið nýtt æti og ferskt vatn. Tíminn sem búrin eru opin er afar skammur og starfsmaður stendur yfir búrunum á meðan á þessu stendur. Ef dýr sleppur verður strax reynt að veiða það og koma því í búið aftur, eða lóga því, ef ekki er ljóst úr hvaða búi það kemur. Ef ekki tekst að veiða dýrið strax verða settar upp gildirur og samband haft við meindýraeyði. Meindýravörnum verður þá komið fyrir í dýraaðstöðunni og nærliggjandi svæðum í húsínu eins og við á hverju sinni. Ekki er líklegt að mörg dýr sleppi þegar skipt er á búrunum og í þau 3 ár sem starfsemin hefur verið í VR III hefur það aldrei gerst.

Dýr geta einnig sloppið ef skemmdarverk eru unnin á aðstöðunni þar sem brotist er inn í læsta aðstöðuna og dýrum hreinlega sleppt út úr búrum sínum. Í þessum tilfellum verður haft samband við meindýraeyði um leið og vart verður við skemmdarverkin og meindýravörnum komið fyrir í aðstöðunni og í öllu húsínu og næsta nágrenni. Tilkynna skal samstundis til Umhverfisstofnunar ef slík skemmdarverk verða unnin. Skemmdarverk er hægt að vinna á aðstöðunni gagnert í þeim tilgangi að sleppa tilraunadýrum út í umhverfi sitt. Dýraaðstaðan er læst alla daga en auk þess er gangurinn þar sem hún er staðsett læst um helgar og húsið sjálft einnig læst. Aðgangur óviðkomandi er því takmarkaður. Ekki er þó hægt að koma að fullu í veg fyrir einbeittan brotavilja þeirra sem vilja valda skaða á tilraunadýrahaldi með því að sleppa þeim.

Engin hættu er á bilun í búrasamstæðunni enda eru búrin læst í samstæðunni með þar til gerðum búnaði. Dýr geta því ekki sloppið að sjálfsdáðum.

Engin bráðamengun getur orðið af erfðabreyttum músum og engin mengunaróhöpp.

Bilanir geta orðið í læsingarbúnaði aðstöðunnar þannig að óviðkomandi komist inn í aðstöðuna. Fylgst er með læsingarbúnaði daglega og umsjónarmaður húsnæðisins verður látinn vita um leið og bilanir verða.

### 4.3 Tilkynning vegna óhappa

Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar slys verða vegna notkunar erfðabreyttra lífvera. Tilkynna skal um:

- a. Tildrög slyssins
- b. Tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út
- c. Allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið
- d. Neyðarráðstafanir sem gripið hefur verið til.

#### Símanúmer:

Meindýraeyðir: 822 3710, 588 5553, 823 9349

Umhverfisstofnun: 591 2000

Umsjónarmaður VRIII: 525 4649, 525 4686

Eiríkur Steingrímsson: 820 3607